

Mál nr. 204/2006
M og
Vátryggingafélagið V v frjálsrar ábyrgðartryggingar

Hundur meiddist þegar hestur steig á rófu hans þ. 6.8.2006

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 16.10.2006 ásamt bréfi
2. Niðurstaða tjónanefndar nr.727/2006
3. Tjónakýrsla dags. 22.8.2006.
4. Bréf V dags. 25.8., 14.9.,23.10.2006.

Málsatvik.

M segist hafa verið í reiðtúr með fleira fólki þar sem hundur var einnig með í för og segist M hafa misst stjórn á hesti sínum og hann stigið á rófu hundsins og taka hefði þurft hana af. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu sinni hjá V. V hafnar bótaskyldu og bendir á að M segi að sú roka sem hesturinn hafi tekið hafi verið óviðbúin og óviðráðanleg og ekki verði séð að M hafi sýnt af sér saknæma háttsemi og tjónið því óhappatilviljun og ekki bótaskyld.

Álit.

Tjónið verður ekki rakið til saknæmrar háttsemi M og því er bótaskylda V ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík.14.11.2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.